

Ásahreppur  
Ársreikningur  
2020



Ásahreppur  
Laugalandi  
851 Hella

Kt. 430169-0339

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

# Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

---

Ársreikningur Ásahrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 306,3 millj. kr. í A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 300,7 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 12,44% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,220% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki en lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,320% í B-flokki og 1,650% í C-flokki.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 61,5 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan neikvæð um 68,3 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2020 nam 502,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 493,2 millj. kr.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Enn ríkir óvissa um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna þess að ekki er vitað hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2020 voru ekki veruleg. Sjá nánar í skýringu 17.

Eins og fram kemur í skýringu 4 í ársreikningnum voru á árinu 2019 tekjufærð framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 125,4 millj. kr. vegna árána 2013-2018 í samræmi við niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018. Þar kemur einnig fram að sveitarfélagið fékk framlög vegna fasteignaskattsjöfnunar og til reksturs grunnskóla vegna ársins 2019, samtals að fjárhæð 31,4 millj. kr. Í fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2023 sem sveitarstjórn samþykkti við seinni umræði þann 5. desember 2019 var gert ráð fyrir áframhaldandi framlögum frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð 35,0 millj. kr. á ári í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins. Eftir niðurstöðu Hæstaréttar brást Alþingi við með þeim hætti í upphafi árs 2020 að breyta lögum um Jöfnunarsjóð og kom þannig í veg fyrir að Ásahreppur nyti áframhaldandi framlaga úr sjóðnum. Þessi ákvörðun löggjafans hefur veruleg fjárhagsleg áhrif á sveitarfélagið.

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2020 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Laugalandi, 9. apríl 2021.

Sveitarstjóri:



Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2020 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Laugalandi, 21. apríl 2021.

Sveitarstjórn:

Brynja J. Jónasdóttir  
Egill Sigurðsson  
Elín Grétarsdóttir  
Guðmundur Gíslason



Ársreikningur þessi var staðfestur á hreppsnefndarfundum þann 21. apríl 2021. Einn sveitarstjórnarmaður áritaði ársreikninginn eigin hendi á fundinum en fjórir sveitarstjórnarmenn og endurskoðandi árituðu ársreikninginn með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til sveitarstjórnar Ásahrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Ásahrepps fyrir árið 2020 sem hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Sveitarstjórn og sveitarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 21. apríl 2021.

**KPMG ehf.**

Auðunn Guðjónsson

## Rekstrarreikningur ársins 2020

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019	
<b>Rekstrartekjur</b>							
Útsvar og fasteignaskattur .....	4	269.927	260.000	261.919	269.927	260.000	261.919
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	4	0	0	156.865	0	0	156.865
Aðrar tekjur .....	4	30.768	25.022	34.753	36.396	32.228	40.553
		<u>300.695</u>	<u>285.022</u>	<u>453.537</u>	<u>306.323</u>	<u>292.228</u>	<u>459.337</u>
<b>Rekstrargjöld</b>							
Laun og launatengd gjöld .....	5	145.308	141.618	129.844	145.308	141.618	129.844
Annar rekstrarkostnaður .....		216.208	217.286	163.602	206.779	212.646	158.539
		<u>361.517</u>	<u>358.905</u>	<u>293.446</u>	<u>352.087</u>	<u>354.265</u>	<u>288.383</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....		( 60.822 )	( 73.883 )	160.091	( 45.764 )	( 62.037 )	170.954
Afskriftir .....	8	( 10.342 )	( 11.536 )	( 10.267 )	( 15.383 )	( 16.515 )	( 15.351 )
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....		( 71.164 )	( 85.419 )	149.824	( 61.147 )	( 78.552 )	155.603
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	2.840	9.498	25.191	( 354 )	7.341	22.533
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ..</b>	<b>13</b>	<b>( 68.323 )</b>	<b>( 75.921 )</b>	<b>175.015</b>	<b>( 61.502 )</b>	<b>( 71.211 )</b>	<b>178.136</b>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2020	2019	2020	2019
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir .....	8	90.492	94.517	121.886	126.698
Veitu- og gatnakerfi .....	8	130.291	106.353	216.961	194.583
		<u>220.783</u>	<u>200.870</u>	<u>338.847</u>	<u>321.281</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	9	119.966	119.966	47.225	47.225
Langtímakröfur .....	10	5.209	5.209	5.209	5.209
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	10	1.285	2.429	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	3.730	3.884	3.730	3.884
		<u>130.189</u>	<u>131.488</u>	<u>56.164</u>	<u>56.318</u>
Fastafjármunir		<u>350.972</u>	<u>332.358</u>	<u>395.011</u>	<u>377.599</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammttímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur .....	12	15.150	18.668	16.014	19.262
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki .....		14.452	17.373	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	155	156	155	156
Aðrar skammttímakröfur .....	12	6.281	23.591	6.281	23.591
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	10	1.229	1.137	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....		0	2.260	0	2.260
Handbært fé .....	3j	148.920	197.598	154.997	201.968
Veltufjármunir		<u>186.187</u>	<u>260.782</u>	<u>177.448</u>	<u>247.237</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>537.159</u>	<u>593.140</u>	<u>572.459</u>	<u>624.836</u>

## 31. desember 2020

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2020	2019	2020	2019
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	493.221	561.544	502.045	563.547
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	14	7.746	7.992	38.545	38.287
		7.746	7.992	38.545	38.287
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		5.701	1.955	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	519	484	1.073	1.000
Aðrar skammtímaskuldir .....		29.971	21.164	30.796	22.002
		36.192	23.604	31.869	23.002
Skuldir og skuldbindingar samtals		43.938	31.596	70.414	61.289
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>537.159</b>	<b>593.140</b>	<b>572.459</b>	<b>624.836</b>
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings ...	16				

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2020

	A hluti			A og B hluti			
	Skýr	Ársreikningur	Áætlan 2020	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlan 2020	Ársreikningur
	2020	með viðaukum	2019	2020	með viðaukum	2019	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða .....	13	( 68.323 )	( 75.921 )	175.015	( 61.502 )	( 71.211 )	178.136
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	8	10.342	11.536	10.267	15.383	16.515	15.351
Verðbætur .....		83	( 48 )	( 16 )	1.271	852	953
Veltufé (til), frá rekstri		( 57.899 )	( 64.433 )	185.265	( 44.848 )	( 53.844 )	194.440
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Fyrirframgr. kostnaður, breyting .....	11	155	0	155	155	0	155
Óinnheimtar tekjur, breyting .....		3.518	0	( 7.970 )	3.248	0	( 6.552 )
Skammtímakröfur, breyting .....		17.310	0	( 11.057 )	17.310	0	( 11.057 )
Skammtímaskuldir, breyting .....		8.807	0	11.795	8.794	0	11.613
Samtals		29.790	0	( 7.077 )	29.508	0	( 5.840 )
Handbært fé frá (til), frá rekstri		( 28.109 )	( 64.433 )	178.188	( 15.340 )	( 53.844 )	188.600
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj. ....	8	( 30.255 )	( 31.740 )	( 1.885 )	( 32.950 )	( 32.140 )	( 4.341 )
Eignarhlutir, breyting .....		0	( 937 )	( 984 )	0	( 937 )	( 984 )
Langtímakröfur, breyting .....	10	2.338	2.241	2.162	2.338	2.241	2.162
Langtímakr. á eigin ft, breyting.....	10	1.176	632	1.088	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		( 26.741 )	( 29.804 )	381	( 30.611 )	( 30.836 )	( 3.163 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting .....		6.667	10.964	2.817	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	14	( 496 )	( 503 )	( 463 )	( 1.019 )	( 1.035 )	( 955 )
Fjármögnunarhreyfingar		6.171	10.461	2.355	( 1.019 )	( 1.035 )	( 955 )
<b>(Lækkun), hækkun á handbæru fé ..</b>		( 48.679 )	( 83.776 )	180.924	( 46.971 )	( 85.715 )	184.482
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		197.598	183.854	16.675	201.968	188.142	17.486
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		148.920	100.078	197.598	154.997	102.427	201.968

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Ásahreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 274 þann 1. desember 2020. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Laugalandi í Holtum.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2020 hefur að geyma samantekin reikningsskil fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til samræmis við reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 er settur fram rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðstreymisfirlit og viðeigandi skýringar.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Leiguíbúðir, Fráveita og Ásaljós.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningnum. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	25 - 40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár

#### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

#### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

#### h. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

#### i. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### k. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### l. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

#### m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2020 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 20.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>						
Útsvar.....	108.969	105.000	112.852	108.969	105.000	112.852
Fasteignaskattur.....	160.958	155.000	149.067	160.958	155.000	149.067
	269.927	260.000	261.919	269.927	260.000	261.919
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>						
Framlag vegna fasteignaskatts.....	0	0	9.407	0	0	9.407
Framlag vegna grunnskóla.....	0	0	22.025	0	0	22.025
Önnur framlög.....	0	0	125.433	0	0	125.433
	0	0	156.865	0	0	156.865
Skatttekjur samtals .....	269.927	260.000	418.784	269.927	260.000	418.784
<b>Aðrar tekjur:</b>						
Aðrar tekjur.....	30.768	25.022	34.753	36.396	32.228	40.553
Rekstrartekjur samtals.....	300.695	285.022	453.537	306.323	292.228	459.337

Meðal framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru á árinu 2019 tekjufærð önnur framlög að fjárhæð 125,4 millj. kr. Um er að ræða framlög vegna áranna 2013-2018, sem voru greidd til sveitarfélagsins vegna samkomulags um uppgjör á dómskörfum í dómsmáli sveitarfélagsins á hendur íslenska ríkinu. Samkomulagið var gert í kjölfar dóms Hæstaréttar þann 14. maí 2019 í máli nr. 34/2018. Til viðbótar fékk sveitarfélagið greidda vexti að fjárhæð 27,9 millj. kr., sem voru færðir á árinu 2019 meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda að teknu tilliti til 22% fjármagnstekjuskatts. Í árslok 2019 voru sett lög nr. 157/2019 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sem leiddu til þess að sveitarfélagið fékk engin framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2020.

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019
Laun .....	26.659	30.156	23.959	26.659	30.156	23.959
Launatengd gjöld .....	5.818	6.506	5.193	5.818	6.506	5.193
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	155	155	155	155	155	155
Áfallið orlof, breyting.....	66	0	103	66	0	103
Annar áfallinn launakostnaður.....	112.610	104.802	100.434	112.610	104.802	100.434
Laun og launatengd gjöld samtals .....	145.308	141.618	129.844	145.308	141.618	129.844

Byggðasamlagið Oddi bs. annast rekstur grunnskóla og leikskóla sveitarfélagsins. Hlutdeild sveitarfélagsins í launakostnaði byggðasamlagsins er flokkuð sem annar áfallinn launakostnaður í ársreikningi sveitarfélagsins.

	2020	2019
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	3	3
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	1,28	1,28
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar .....	22.077	19.964

## Skýringar, frh.:

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019
Vaxtatekjur og verðbætur.....	2.349	9.421	24.675	2.366	9.421	24.752
Arður af eignarhlutum.....	0	243	149	0	243	149
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 537 )	( 436 )	( 469 )	( 2.720 )	( 2.322 )	( 2.368 )
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	1.028	270	835	0	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.) samt..	2.840	9.498	25.191	( 354 )	7.342	22.533

### 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020 með viðaukum	Ársreikningur 2019
<b>Aðalsjóður:</b>			
Skatttekjur .....	272.711	260.000	421.238
Félagsþjónusta .....	( 12.257 )	( 10.864 )	( 9.828 )
Heilbrigðismál .....	( 329 )	( 334 )	( 236 )
Fræðslu- og uppeftismál .....	( 165.926 )	( 167.843 )	( 147.397 )
Menningarmál .....	( 2.860 )	( 4.165 )	( 4.772 )
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 28.872 )	( 26.591 )	( 22.695 )
Brunamál og almannavarnir .....	( 5.617 )	( 4.784 )	( 3.916 )
Hreinlætismál .....	( 14.573 )	( 14.325 )	( 6.118 )
Skipulags- og byggingarmál .....	( 22.181 )	( 13.215 )	( 12.448 )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 18.187 )	( 17.933 )	( 18.387 )
Umhverfismál .....	( 32.598 )	( 34.656 )	( 739 )
Atvinnumál .....	( 11.252 )	( 13.118 )	( 12.148 )
Framlög til B hluta .....	( 3.000 )	( 3.000 )	( 2.000 )
Sameiginlegur kostnaður .....	( 50.181 )	( 53.444 )	( 48.398 )
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 155 )	( 155 )	( 155 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	14.213	13.231	29.667
Aðalsjóður samtals .....	( 81.065 )	( 91.195 )	161.669
<b>A hluta stofnanir:</b>			
Eignasjóður .....	12.742	15.274	13.346
A hluti samtals .....	( 68.323 )	( 75.921 )	175.015
<b>B hluta fyrirtæki:</b>			
Fráveita .....	4.261	87	1.211
Leiguíbúðir .....	2.658	1.832	1.736
Ásaljós .....	( 98 )	2.791	174
A og B hluti samtals .....	( 61.502 )	( 71.211 )	178.136

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Gatna- og veitukerfi	Samtals
<b>A hluti</b>			
Heildarverð 1.1.2020 .....	205.591	157.943	363.534
Afskrifað áður .....	( 111.074 )	( 51.590 )	( 162.665 )
Bókfært verð 1.1.2020 .....	94.517	106.353	200.870
Viðbót á árinu .....	0	30.255	30.255
Afskrifað á árinu .....	( 4.024 )	( 6.318 )	( 10.342 )
Bókfært verð 31.12. 2020 .....	90.492	130.291	220.783
Samtals heildarverð 31.12.2020 .....	205.591	188.199	393.789
Afskrifað samtals .....	( 115.098 )	( 57.908 )	( 173.006 )
Bókfært verð 31.12.2020 .....	90.492	130.291	220.783
Afskriftahlutföll .....	2,5 - 4,0%	4,0%	
	Fasteignir	Gatna- og veitukerfi	Samtals
<b>A og B hluti</b>			
Heildarverð 1.1.2020 .....	251.779	267.822	519.601
Afskrifað áður .....	( 125.081 )	( 73.239 )	( 198.320 )
Bókfært verð 1.1.2020 .....	126.698	194.583	321.281
Viðbót á árinu .....	0	32.950	32.950
Afskrifað á árinu .....	( 4.812 )	( 10.571 )	( 15.383 )
Bókfært verð 31.12.2020 .....	121.886	216.961	338.847
Heildarverð 31.12.2020 .....	251.779	300.772	552.551
Afskrifað samtals .....	( 129.893 )	( 83.810 )	( 213.703 )
Bókfært verð 31.12.2020 .....	121.886	216.961	338.847
Afskriftahlutföll .....	2,5 - 4,0%	4,0%	

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

	Fjárfesting 2020	Áætlun 2020 með viðaukum
<b>A hluti</b>		
<b>Ýmsar eignir:</b>		
Plan Laugalandi .....	12.148	19.600
	<u>12.148</u>	<u>19.600</u>
<b>Gatnakerfi:</b>		
Götulýsing .....	15.967	10.000
Reiðvegir .....	2.140	2.140
	<u>18.107</u>	<u>12.140</u>
A hluti samtals .....	<u>30.255</u>	<u>31.740</u>
<b>B hluti</b>		
<b>Ásaljós:</b>		
Framkvæmdir .....	1.971	0
	<u>1.971</u>	<u>0</u>
<b>Fráveita:</b>		
Seyruverkefni .....	723	400
	<u>723</u>	<u>400</u>
B hluti samtals .....	<u>2.695</u>	<u>400</u>
Samtals A og B hluti .....	<u>32.950</u>	<u>32.140</u>

#### c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2020:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	474.020	500.370
Brunabótamat fasteigna.....	1.490.610	1.550.310
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	7.294	7.294
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	114.848

## Skýringar, frh.:

### 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....			1.920	1.920
Vatnsveita Ásahrepps og Rangárþings ytra bs. ....	18,2%	18,2%	27.468	27.468
Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. ....	5,4%	5,4%	2.099	2.099
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. ....	6,3%	6,3%	4.671	4.671
Sláturfélag Suðurlands svf. ....			239	239
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf .....	0,4%	0,4%	400	400
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf .....	1,0%	1,0%	1.989	1.989
Strandavöllur ehf. ....			634	634
Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf. ....	0,9%	0,9%	669	669
Rangárhöllin ehf. ....	1,8%	1,8%	2.000	2.000
Neslundur ehf. ....	11,4%	11,4%	500	500
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	0,039%	0,039%	3.455	3.455
Háskólafélag Suðurlands ehf. ....	1,7%	1,7%	1.181	1.181
Ásaljós .....	100,0%	100,0%	72.741	0
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals .....			119.966	47.225

### 10. Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	Langtíma- kröfur á eigin fyrirt.	Langtímakröfur	
		A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun .....	3.566	7.468	7.468
Afborgun langtímakrafna á árinu .....	( 1.176 )	( 2.338 )	( 2.338 )
Verðbætur.....	124	79	79
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.514	5.209	5.209
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	( 1.229 )	0	0
	1.285	5.209	5.209
Árið 2021.....	1.229	0	0
Árið 2022.....	1.285	0	0
Afborgun síðar.....	0	5.209	5.209
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.514	5.209	5.209

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

## Skýringar, frh.:

### 11. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2021 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

	A hluti	A og B hluti
Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	4.040	4.040
Gjaldfært á árinu.....	( 155 )	( 155 )
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	3.885	3.885
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:		
Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	155	155
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	3.730	3.730
Samtals í efnahagsreikningi.....	3.885	3.885
Fyrirframgreiðsla greinist þannig í árslok:		
Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	3.286	3.286
Framlag í varúðarsjóð.....	599	599
	3.885	3.885

Við útreikning á skuldaviðmiði er heimilt að draga frá bókfært verð fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs.

### 12. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	14.050	14.050
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	1.100	1.964
Óinnheimtar tekjur í árslok .....	15.150	16.014

Niðurfærsla óinnhemtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	3.835	3.835
Niðurfærsla, breyting á árinu .....	1.867	1.867
Niðurfærsla í árslok .....	5.702	5.702

### 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2020 .....	561.544	563.547
Rekstrarniðurstæða ársins .....	( 68.323 )	( 61.502 )
Eigið fé 31.12.2020 .....	493.221	502.045

## Skýringar, frh.:

### 14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán
<b>A hluti</b>	
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	8.476
Afborganir af lánum .....	( 496 )
Verðbætur .....	286
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	8.266
Næsta árs afborganir.....	( 519 )
Langtímaskuldir í lok árs .....	7.746
<b>A og B hluti</b>	
Langtímaskuldir í ársbyrjun .....	39.287
Afborganir af lánum .....	( 1.019 )
Verðbætur .....	1.350
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	39.618
Næsta árs afborganir.....	( 1.073 )
Langtímaskuldir í lok árs .....	38.545

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2021.....	519	1.073
Árið 2022.....	533	1.106
Árið 2023.....	547	1.140
Árið 2024.....	561	1.175
Árið 2025.....	575	1.211
Síðar.....	5.531	33.913
	8.266	39.618

Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í útsvarstekjum og framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, skv. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga, vegna lántöku sveitarfélagsins að eftirstöðvum 8,3 millj. kr. í árslok 2020.

Íbúð í eigu sveitarfélagsins að bókfærðu verði 29,9 millj. kr. sem er eignfærð í Leiguíbúðum í B hluta, er veðtryggð fyrir skuldum að eftirstöðvum 31,4 millj. kr. í árslok 2020.

### 15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti .....	100%	537.159	43.938	493.221
Fráveita .....	100%	9.418	5.700	3.718
Leiguíbúðir .....	100%	37.095	32.023	5.072
Ásaljós .....	100%	84.194	11.420	72.774
Bakfærðir eignarhlutir í B hluta .....		( 72.741 )	0	( 72.741 )
Millifærslur, innbyrðis staða .....		( 22.667 )	( 22.667 )	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok .....		572.459	70.414	502.045

### 16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

#### Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni:

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
- Bergrisinn bs.
- Byggðasamlagið Oddi bs.
- Húsakynni bs.
- Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
- Tónlistarskóli Rangæinga
- Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.
- Sorpstöð Suðurlands bs.
- Brunavarnir Rangæinga bs.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Umhverfis- og tækni svið uppsveita bs.
- Héraðsnefnd Rangæinga
- Byggðasafnið í Skógum
- Héraðsskjalasafnið í Skógum

Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

#### Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur:

Sveitarfélagið hefur staðið að byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar. Heimilið er rekið sem sjálfstæð stofnun en vistgjöldum er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði þess. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir stofnunina.

Sveitarfélagið hefur ábyrgst yfirdráttarheimild vegna rekstrar hjúkrunar- og dvalarheimilisins Lundar, allt að 10,0 millj. kr. Staða yfirdráttar er 2,7 millj. kr. í árslok 2020.

#### Aðrar ábyrgðarskuldbindingar:

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum sveitarfélögum sem standa að safninu. Eftirstöðvar lánanna nema 149,4 millj. kr. í árslok 2020.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasamlagsins Odda hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt Rangárþingi ytra. Eftirstöðvar lánsins nema 105,1 millj. kr. í árslok 2020.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánanna nema 237,9 millj. kr. í árslok 2020.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Brunavarna Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánanna nema 92,5 millj. kr. í árslok 2020.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánanna nema 174,5 millj. kr. í árslok 2020.

Á árinu 2005 var eignarhlutur sveitarfélagsins í Hitaveitu Rangæinga seldur til Orkuveitu Reykjavíkur. Við sölnu yfirtók Orkuveitan allar skuldir hitaveitunnar, en ábyrgð sveitarfélagsins á yfirteknum lánum hefur ekki verið aflétt. Eftirstöðvar lánanna nema 329,5 millj. kr. í árslok 2020.

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Tónlistarskóla Rangæinga í hlutfalli við kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í rekstri skólans. Áfallin lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna skólans samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt í árslok 2020 nemur 45,4 millj. kr. Skuldbindingin er ekki færð til skuldar í ársreikningi sveitarfélagsins.

### 17. Áhrif Covid-19

Covid-19 heimsfaraldurinn sem gengið hefur yfir undanfarna mánuði hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Enn ríkir óvissa um endanleg áhrif faraldursins s.s. vegna þess að ekki er vitað hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur. Áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins á árinu 2020 voru ekki veruleg.

Það er mat stjórnenda sveitarfélagsins að greiðsluhæfi þess sé ekki skert vegna áhrifa Covid-19. Til að mæta skammtímasveiflum í sjóðsflæði hefur sveitarfélagið handbært fé í árslok 2020 að fjárhæð 155,0 millj. kr. til ráðstöfunar.

### 18. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	102.696	110.293	194.551	24.836	70.908	108.745
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....						2,0 %
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 25,9% )	( 20,2% )	35,3 %	2,3 %	7,6 %	3,1 %
Rekstrarniðurstaða .....	( 26,6% )	( 22,7% )	38,6 %	1,3 %	5,8 %	2,1 %
Veltufé frá rekstri .....	( 22,6% )	( 19,3% )	40,8 %	4,7 %	9,3 %	5,9 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	11,1 %	10,1 %	0,4 %	2,0 %	8,2 %	0,7 %
Skuldahlutfall.....	8,1 %	14,6 %	7,0 %	6,3 %	8,4 %	17,5 %
<b>Önnur hlutföll:</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....			0,04	0,61		
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....			400,14	30,57	2,63	0,81
Veltufjárlutfall .....	8,82	5,14	11,05	6,25	2,64	1,89
Eiginfjárlutfall .....	95,4 %	91,8 %	94,7 %	95,5 %	94,3 %	89,3 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	36,8 %	36,2 %	24,9 %	36,7 %	39,6 %	36,9 %
Fasteignaskattur .....	54,4 %	53,5 %	32,9 %	47,8 %	48,0 %	50,7 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	0,0 %	0,0 %	34,6 %	0,0 %	0,1 %	0,0 %
Skatttekjur samtals.....	91,2 %	89,8 %	92,3 %	84,6 %	87,7 %	87,6 %
Aðrar tekjur .....	8,8 %	10,2 %	7,7 %	15,4 %	12,3 %	12,4 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 49,7% )	( 48,3% )	( 28,6% )	( 44,7% )	( 42,3% )	( 36,4% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 76,2% )	( 71,9% )	( 36,1% )	( 53,0% )	( 50,1% )	( 60,5% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 25,9% )	( 20,2% )	35,3 %	2,3 %	7,6 %	3,1 %
Afskriftir .....	( 4,0% )	( 3,4% )	( 2,3% )	( 3,5% )	( 3,6% )	( 3,9% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	3,3 %	0,9 %	5,6 %	2,5 %	1,8 %	2,9 %
Rekstrarniðurstaða .....	( 26,6% )	( 22,7% )	38,6 %	1,3 %	5,8 %	2,1 %

\*Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár. Síðasta breyting tók gildi 2018.

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>						
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.061	985	1.668	994	960	862
Aðrar tekjur.....	102	112	138	181	135	122
Laun og launatengd gjöld.....	( 578 )	( 530 )	( 517 )	( 526 )	( 463 )	( 358 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 887 )	( 789 )	( 652 )	( 623 )	( 548 )	( 595 )
Afskriftir.....	( 47 )	( 38 )	( 41 )	( 41 )	( 39 )	( 39 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	39	10	100	29	20	28
Rekstrarniðurstaða.....	( 310 )	( 249 )	697	15	63	21
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir.....	2.057	1.960	2.363	1.651	1.617	1.612
Eigið fé.....	1.963	1.800	2.237	1.578	1.526	1.439
Skuldir og skuldbindingar.....	94	160	126	74	92	172
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri.....	( 263 )	( 211 )	738	55	102	58
Handbært fé frá rekstri.....	( 263 )	( 103 )	710	( 6 )	74	71
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	245	274	251	245	251	255

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:</b>						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	113.448	123.157	197.955	27.052	69.081	110.488
Skuldaviðmið, skv. reglugerð*.....				0,2 %	1,8 %	9,3 %
<b>Ýmsar lykiltölur</b>						
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 21,2% )	( 14,9% )	37,2 %	5,2 %	8,5 %	5,4 %
Rekstrarniðurstaða .....	( 24,4% )	( 20,1% )	38,8 %	2,2 %	4,8 %	2,9 %
Veltufé frá rekstri .....	( 18,4% )	( 14,6% )	42,3 %	7,1 %	9,7 %	7,6 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	11,0 %	10,8 %	0,9 %	13,9 %	8,6 %	7,4 %
Skuldahlutfall.....	17,1 %	23,0 %	13,3 %	17,0 %	8,4 %	17,6 %
<b>Önnur hlutföll:</b>						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum .....			0,20	1,84		
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....			203,60	47,00	2,80	1,05
Veltufjárlutfall .....	11,15	5,57	10,75	3,97	1,78	1,47
Eiginfjárlutfall .....	90,8 %	87,7 %	90,2 %	88,6 %	94,2 %	89,1 %
<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Útsvar .....	35,9 %	35,6 %	24,6 %	36,3 %	38,9 %	36,5 %
Fasteignaskattur .....	53,0 %	52,5 %	32,5 %	47,2 %	47,2 %	50,2 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	0,0 %	0,0 %	34,2 %	0,0 %	0,1 %	0,0 %
Skatttekjur samtals.....	89,0 %	88,1 %	91,2 %	83,5 %	86,2 %	86,6 %
Aðrar tekjur .....	11,0 %	11,9 %	8,8 %	16,5 %	13,8 %	13,4 %
Rekstrartekjur samtals .....	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld .....	( 48,5% )	( 47,4% )	( 28,3% )	( 44,1% )	( 41,6% )	( 36,0% )
Annar rekstrarkostnaður .....	( 72,8% )	( 67,5% )	( 34,5% )	( 50,7% )	( 49,9% )	( 58,6% )
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	( 21,2% )	( 14,9% )	37,2 %	5,2 %	8,5 %	5,4 %
Afskriftir .....	( 5,7% )	( 5,0% )	( 3,3% )	( 4,9% )	( 5,0% )	( 4,8% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	2,5 %	( 0,1% )	4,9 %	1,9 %	1,3 %	2,3 %
Rekstrarniðurstaða .....	( 24,4% )	( 20,1% )	38,8 %	2,2 %	4,8 %	2,9 %

\*Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár. Síðasta breyting tók gildi 2018.

## Skýringar, frh.:

---

### 19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

Í þúsundum króna á íbúa:	Áætlun		Ársreikningar			
	2020	2020	2019	2018	2017	2016
<b>Rekstur:</b>						
Skatttekjur.....	1.061	985	1.668	994	960	862
Aðrar tekjur .....	132	133	162	197	153	133
Laun og launatengd gjöld .....	( 578 )	( 530 )	( 517 )	( 526 )	( 463 )	( 358 )
Annar rekstrarkostnaður.....	( 868 )	( 755 )	( 632 )	( 603 )	( 555 )	( 583 )
Afskriftir.....	( 67 )	( 56 )	( 61 )	( 58 )	( 56 )	( 48 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	30	( 1 )	90	23	14	23
Rekstrarniðurstaða .....	( 291 )	( 224 )	710	27	53	28
<b>Efnahagur:</b>						
Eignir .....	2.205	2.089	2.489	1.775	1.603	1.608
Eigið fé .....	2.001	1.832	2.245	1.573	1.510	1.434
Skuldir og skuldbindingar .....	204	257	244	202	94	175
<b>Sjóðstreymi:</b>						
Veltufé frá rekstri .....	( 220 )	( 164 )	775	85	108	75
Handbært fé frá rekstri.....	( 220 )	( 56 )	751	26	77	136
<b>Íbúafjöldi:</b>						
Íbúafjöldi 1. desember.....	245	274	251	245	251	255

## Skýringar, frh.:

### 19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2020	Hlutfall af skatt.	2019	Hlutfall af skatt.	2018	Hlutfall af skatt.
<b>Aðalsjóður</b>						
Skatttekjur .....	272.711	100,0%	421.238	100,0%	245.457	100,0%
Félagsþjónusta .....	( 12.257 )	4,5%	( 9.828 )	2,3%	( 11.179 )	4,6%
Heilbrigðismál .....	( 329 )	0,1%	( 236 )	0,1%	( 233 )	0,0%
Fræðslu- og uppeldismál .....	( 165.926 )	60,8%	( 147.397 )	35,0%	( 139.175 )	56,7%
Menningarmál .....	( 2.860 )	1,0%	( 4.772 )	1,1%	( 3.410 )	1,4%
Æskulýðs- og íþróttamál .....	( 28.872 )	10,6%	( 22.695 )	5,4%	( 21.786 )	8,9%
Brunamál og almannavarnir .....	( 5.617 )	2,1%	( 3.916 )	0,9%	( 3.427 )	1,4%
Hreinlætismál .....	( 14.573 )	5,3%	( 6.118 )	1,5%	( 7.355 )	3,0%
Skipulags- og byggingarmál .....	( 22.181 )	8,1%	( 12.448 )	3,0%	3.969	( 1,6% )
Umferðar- og samgöngumál .....	( 18.187 )	6,7%	( 18.387 )	4,4%	( 16.265 )	6,6%
Umhverfismál .....	( 32.598 )	12,0%	( 739 )	0,2%	( 819 )	0,3%
Atvinnumál .....	( 11.252 )	4,1%	( 12.148 )	2,9%	( 15.521 )	6,3%
Framlög til B hluta .....	( 3.000 )	1,1%	( 2.000 )	0,5%	0	0,0%
Sameiginlegur kostnaður .....	( 50.181 )	18,4%	( 48.398 )	11,5%	( 52.920 )	21,6%
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	( 155 )	0,1%	( 155 )	0,0%	( 155 )	0,1%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	14.213	( 5,2% )	29.667	( 7,0% )	19.687	( 8,0% )
Aðalsjóður samtals	( 81.065 )		161.669		( 3.132 )	
<b>Aðrir sjóðir í A hluta</b>						
Eignasjóður .....	12.742	( 4,7% )	13.346	( 3,2% )	6.735	( 2,7% )
A hluti samtals	( 68.323 )	25,1%	175.015	( 41,5% )	3.603	( 1,5% )

## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2020 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	265.000	( 5.000 )	260.000	265.000	( 5.000 )	260.000
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	35.000	( 35.000 )	0	35.000	( 35.000 )	0
Aðrar tekjur .....	25.022	0	25.022	32.228	0	32.228
	<u>325.022</u>	<u>( 40.000 )</u>	<u>285.022</u>	<u>332.228</u>	<u>( 40.000 )</u>	<u>292.228</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	133.594	8.024	141.618	133.594	8.024	141.618
Annar rekstrarkostnaður .....	212.988	4.298	217.286	208.348	4.298	212.646
	<u>346.582</u>	<u>12.323</u>	<u>358.905</u>	<u>341.942</u>	<u>12.323</u>	<u>354.265</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir .....	( 21.560 )	( 52.323 )	( 73.883 )	( 9.714 )	( 52.323 )	( 62.037 )
Afskriftir .....	( 11.536 )	0	( 11.536 )	( 16.515 )	0	( 16.515 )
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	( 33.096 )	( 52.323 )	( 85.419 )	( 26.229 )	( 52.323 )	( 78.552 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	9.498	0	9.498	7.341	0	7.341
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð).....</b>	<u>( 23.598 )</u>	<u>( 52.323 )</u>	<u>( 75.921 )</u>	<u>( 18.888 )</u>	<u>( 52.323 )</u>	<u>( 71.211 )</u>

## Skýringar, frh.:

### 20. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2020 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 23.598 )	( 52.323 )	( 75.921 )	( 18.888 )	( 52.323 )	( 71.211 )
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir .....	11.536	0	11.536	16.515	0	16.515
Verðbætur .....	( 48 )	0	( 48 )	852	0	852
Veltufé til rekstrar	( 12.110 )	( 52.323 )	( 64.433 )	( 1.521 )	( 52.323 )	( 53.844 )
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Skammtímaskuldir hækkun .....	0	0	0	0	0	0
Samtals	0	0	0	0	0	0
Handbært fé til rekstrar	( 12.110 )	( 52.323 )	( 64.433 )	( 1.521 )	( 52.323 )	( 53.844 )
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 25.100 )	( 6.640 )	( 31.740 )	( 25.500 )	( 6.640 )	( 32.140 )
Eignarhlutir breyting .....	( 937 )	0	( 937 )	( 937 )	0	( 937 )
Langtímakröfur, breyting .....	2.241	0	2.241	2.241	0	2.241
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	632	0	632	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 23.165 )	( 6.639 )	( 29.804 )	( 24.196 )	( 6.640 )	( 30.836 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	10.565	400	10.964	0	0	0
Afborganir langtímalána .....	( 503 )	0	( 503 )	( 1.035 )	0	( 1.035 )
Fjármögnunarhreyfingar	10.062	400	10.461	( 1.035 )	0	( 1.035 )
<b>(Lækkun) á handbæru fé.....</b>	( 25.213 )	( 58.563 )	( 83.776 )	( 26.752 )	( 58.963 )	( 85.715 )
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	183.854	0	183.854	188.142	0	188.142
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	158.641	( 58.563 )	100.078	161.390	( 58.963 )	102.427

# Undirritunarsíða

Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar  
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi  
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Guðmundur Jóhann Gíslason

Endurskoðandi  
Auðunn Guðjónsson